

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Ár 2018, miðvikudaginn 17. október kl. 09:09, var haldinn 7. fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, ráðssal. Viðstödd voru: Kristín Soffía Jónsdóttir, Magnús Már Guðmundsson, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Egill Þór Jónsson, Inga María Hlíðar Thorsteinson og Vigdís Hauksdóttir. Auk þeirra sátu fundinn fulltrúar skipulags- og samgönguráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Þórólfur Jónsson, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Sonja Wium, Sigurjóna Guðnadóttir og Marta Grettisdóttir. Starfsfólk skrifstofu samgöngustjóra, borgarhönnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir lið 3. Fundaritari er Örn Sigurðsson.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfismál

1. Líffræðilegur fjölbreytileiki, kynning Mál nr. US180228

Kynning á yfirstandandi verkefni á aðgerðaáætlun stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Aðgerðaáætlun 2016-2026.
Stefna Reykjavíkurborgar.
Kynnt.

Snorri Sigurðsson, verkefnisstjóri tekur sæti undir þessum lið.

2. Uppbygging innviða fyrir rafbíla, kynning Mál nr. US180301

Fram fer kynning á uppbygging innviða fyrir rafbíla í Reykjavík.

Kl. 9.45 tekur Líf Magneudóttir sæti á fundinum.

Kl. 10.28 vikur Vigdís Hauksdóttir af fundi.

(D) Ýmis mál

3. Hávaðakortlagning og aðgerðaráætlun gegn umferðarhávaða, kynning Mál nr. US180302

Fram fer kynning á hávaðakortlagning og aðgerðaráætlun gegn umferðarhávaða.

Fulltrúi Eflu, Kristín Ómarsdóttir, tekur sæti undir þessum lið.

Kl. 10.48 vikur Hildur Björnsdóttir af fundi.

4. Grassvæðum breytt í náttúrulegri svæði, kynning Mál nr. US180304

Fram fer kynning á tillögum og aðgerðum við að breyta grassvæðum í náttúrulegri svæði.

5. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir innkaup Mál nr. US130118

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í ágúst 2018.

6. Umhverfis- og skipulagssvið, mánaðaruppgjör janúar til nóvember 2018 Mál nr. US130185

Lagt fram uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs ES og RK fyrir janúar til ágúst 2018.

7. Umhverfis- og skipulagssvið,
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Mál nr. US130045

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í september 2018.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 11:08

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Líf Magneudóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Inga María Hlíðar Thorsteinson

Magnús Már Guðmundsson
Egill Þór Jónsson